

## **112. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 31. mars 2004, kl. 11:00 í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.**

**Mættir:** Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfulltrúi og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

- 1. Bréf frá Ólafi Áka Ragnarssyni, dags. 24. mars 2004, þar sem hann segir sig úr stjórn Sorpstöðvarinnar og óskar eftir að úrsögnin taki þegar gildi.**  
Orri Hlöðversson varamaður Ólafs tekur sæti í stjórn í hans stað.
- 2. Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.**  
Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 15. mars 2004, þar sem Skipulagsstofnun leggur til að gert verði nýtt deiliskipulag fyrir sorpstöðina.  
Einnig kynnt bréf frá Sorpstöðinni til Sveitarfélagsins Ölfuss þar sem tilkynnt var að meðan reynt yrði að leita lausna í deilum um framkvæmd deiliskipulagsins í Kirkjuferjuháleigu þá myndi Sorpstöðin koma til móts við kröfur sveitarfélagsins um urðunarhæð reina.
- 3. Útboð á nýrri urðunarrein.**  
Samþykkt að bjóða út nýja urðunarrein sem verður 13.000 m<sup>2</sup> að stærð.
- 4. Móttaka á dekkjakurli.**  
Samþykkt að taka á móti dekkjakurli sem nemur því magni sem til fellur á starfssvæði Sorpstöðvarinnar.
- 5. Úrvinnslusjóður og tengd málefni.**  
Lagt fram minnisblað sem Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir. Í minnisblaðinu er fjallað um stöðu mála varðandi ökutæki, fernur, rúllubaggaplast og pappír.
- 6. Aðalfundur 2004.**  
Samþykkt að halda aðalfund á Selfossi 4. maí nk. kl. 10:00.

**7. Önnur mál.**

- a. Samþykkt að halda fund með forsvarsmönnum aðildarsveitarfélaganna um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi sorphirðu.

Fundi slitið kl. 12:50

*Einar Njálsson*  
*Ágúst Ingi Ólafsson*  
*Orri Hlöðversson*  
*Guðmundur Tr. Ólafsson*  
*Þorvarður Hjaltason*